

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík
srn@srn.is



Reykjavík, 20. janúar 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir vegna loftmengunar

Hinn 6. janúar s.l. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að reglugerð um takmarkanir og bann veghaldara við umferð vélknúinna ökutækja um stundarsakir vegna loftmengunar. Í drögum að reglugerðinni er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð í tengslum við umferðarlög nánari ákvæði um úrræði og við hvaða kringumstæður gripa megi til umræddra takmarkana. Samtök ferðaþjónustunnar – SAF hafa farið yfir ofangreind drög og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

SAF eru sammála markmiðunum um að draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar frá umferð á vegum á heilsu manna og umhverfi. Það þarf að bregðast við aukinni loftmengun þar sem þess er þörf og mælingar sanna að umferð sé um að kenna frekar en ryki og mól.

Samtökin telja afar mikilvægt að gera þurfi ráðstafanir vegna íþyngjandi áhrifa sem aðgerðir af þessu tagi geta haft. Í hinni fyrirhuguðu reglugerð þarf að huga betur af afleiðingum hennar sem eru m.a. sú að ómögulegt verður að stunda starfsemi tengdri fólksflutningum þá daga sem umferð verður takmörkuð. Reglugerðin í óbreyttri mynd gæti því haft gríðarlega neikvæð áhrif á þá starfsemi. Slík starfsemi stuðlar ekki að mikilli umferð miðað við heildarumfang umferðar sem er á degi hverjum.

Samtökin vilja einnig benda á að ökutækjaleigur eru með mörg ökutæki í skammtímaleigu sem oft eru að fara út fyrir borgarmörkin yfir daginn og inn í borgina seinnipart dags. Það að takmarka umferð slíkra ökutækja er því óþörf þessa daga enda eru þeir að mestu að fara út fyrir borgarmörkin.

Samtökin vilja einnig benda á að íbúar landsbyggðarinnar þurfa að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið og verður tæknilega ómögulegt fyrir þá að mæta þeim kröfum sem settar eru fram. Sérstaklega ef um heilbrigðisþjónustu er að ræða. Þá benda samtökin á að takmörkun á notkun nagladekkja er nú þegar skilgreind skv. reglugerð 822/2004 um gerð og búnað ökutækja og frekari takmörkun skv. fyrirliiggjandi drögum því afar íþyngjandi.

Með ofangreint í huga þá vilja samtökin gera skýlausa kröfu um að eftirfarandi skilyrðum og undanþágum verði bætt við reglugerðina

- Fólksflutningar í atvinnuskyni verði undanskildir takmörkunum skv. 4 gr. draganna með sama hætti og almenningsamgöngur.
- Ákvörðun um lokun feli alltaf í sér hjáleið fyrir vöruflutninga og fólksflutninga
- Ökutæki í skammtímaleigu á vegum ökutækjaleigu verði undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar
- Ökutæki íbúa utan þess svæðis sem lokunin á við um verði undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri